

Gos í Eyjafjallajökli - staða 25. apríl 2010 kl. 18.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: MTG / SSJ

Staða byggð á:

- Jarðskjálftamælum
- Vatnsrennsli í Markarfljót
- GPS mælum
- Ekki var flogið í dag enda skýjað
- Upplýsingum frá lögreglu á Hvolsvelli og athugun jarðfræðinga á gosefnum

Gosmökkur:

Stefna: NV

Hæð: Engar upplýsingar (< 5,3 km). Skýjahæð er allt að 5,3 km, en mökkur sést ekki á radar.

Litur:

Gjósकुfall: Lítið (þök hafa gránað á innstu bæjum í Fljótshlíð (Barkarstöðum og Fljótsdal).

Bræðsluvatn:

Svipað og seinustu daga, um 100-120 m³/s miðað við vatnshæð við Markarfljótsbrú og gróflega áætlað grunnrennsli.

Aðstæður á gosstað:

Aðeins sást til gossins frá Hvolsvelli í morgun og er virkni á sama stað og áður, í nyrðri gígnum. Vatn nær ekki að gosrásinni og hefur því ekki áhrif á sprengivirkni – það ástand hefur nú varað frá sunnudegi 18. apríl. Athuganir jarðfræðinga á gjóskunni sem upp hefur komið í vikunni sýnir að hún er mun grófari en var fyrstu daga gossins. Dynkir heyrast í Fljótshlíð. Hraun heldur áfram að renna til norðurs eins og í gær, ef marka má vatnrennsli niður Gígjökul. Úrvinnsla gagna frá í gær sýna að geilin til norðurs frá gígnum er um 700 m löng og hafði hraun náð 400-500 norður frá gígnum.

Gosórói:

Svipaður og undanfarna daga.

Jarðskjálftar:

Einn skjálfti að stærð 1,4 mældist undir norðaustanverðum jöklinum í morgun.

GPS-aflögun:

Lítil sem engin hreyfing inn að miðju fjallsins.

Kvikufæði:

Engar athuganir í dag, en talið að heildarfæði sé svipað og undanfarna daga (20-40 tonn/sekúndu).

Heildarmat:

Streymi kviku virðist hafa verið svipað undanfarna sólarhringa og hraun heldur áfram að renna til norðurs í upptökum Gígjökuls. Virkni gosmakkar fer hægt dvínandi. Ekki sjást merki um að gosi sé að ljúka.